



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd Reykshólahrepps
Þriðjudaginn 7. desember 2021 kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykholum.

Mætt: Karl Kristjánsson, Ingimar Ingimarsson og Jóhann Ösp Einarisdóttir. Einnig sátu fundinn Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi, Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir á fundinum, undir lið tvö á dagskránni, voru Hildur Kristjánsdóttir og Matthildur Kr. Elmarsdóttir ráðgjafar frá Alta ráðgjöf.

Fundargerð er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fundamenn velkomna og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnanefndar 15. nóvember 2021.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 2004013 - Endurskoðun Aðalskipulags Reykshólahrepps.

Kynnt drög að minnisblaði aðalskipulagsráðgjafa þar sem gerð er grein fyrir ábendingum og umsögnum sem bárust á kynningartíma vinnslutillögu Aðalskipulags Reykshólahrepps 2021-2033. Í minnisblaðinu eru einnig settar fram tillögur að viðbrögðum við ábendingunum.

Skipulags-, húsnæðis- og hafnanefnd felur aðalskipulagsráðgjöfum að uppfæra minnisblaðið og lagfæra skipulagsgögnin til samræmis við umræður á fundinum. Þannig lagfærð skipulagsgögn verði lögð fyrir næsta fund nefndarinnar og gögnin síðan send til Skipulagsstofnunar til athugunar, sbr. 3 mgr. 30 gr. skipulagslaga. Að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar verði aðalskipulagstillagan og umhverfismatsskýrsla hennar auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

3. 2011008 - Framkvæmdir við Stekkjarlund 5.

Lögð eru fram gögn frá Vigfúsi Halldórssyni byggingafræðingi dagsett 4. maí 2021 og þar sem vísað er í deiliskipulag sem er ekki gildi og hús á lóð nr. 1 er teiknað stærra en það er í raun og veru. Auk þess er vísað í rangt byggingamagn í gildandi deiliskipulagi. Einnig barst umsókn um byggingaleyfi sem samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.

Nefndin frestar málinu þar til leiðrétt gögn hafa borist. Samþykkt samhljóða.

4. 2111007 - Endurnýjun Reykhólafnar, verksamningur þilskurður.

Lagður er fram verksamningur á milli hafnarstjórnar Reykhólahrepps og Hagtaks ehf. vegna framkvæmdar við verkefnið „Reykhólar – þilskurður 2021“. Samningur hljóðar uppá kr. 58.100.000,-.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja samninginn. Samþykkt samhljóða.

5. 2112002 - Húsnæðisáætlun Reykhólahrepps 2022, í vinnslu.

Rafræn húsnæðisáætlun kynnt og farið yfir forsendur í áætluninni.

Nefndin felur sveitarstjóra að klára áætlunina. Samþykkt samhljóða.

6. 2102009 - Fundargerð 439. fundar Hafnasambands Íslands.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Önnur mál:

1. 2112008 - Vegagerð á Vestfjarðarvegi 60, v. vöntunar á 2000 m³ af efni.

Lögð er fram beiðni Vegagerðarinnar um efnistöku dags. 6. desember 2021.

Tvær leiðir eru færar til að verða við beiðninni.

1. Fara í skeringar í veglínu Djúpadal.
2. Taka efni við Djúpadalsá í samráði við landeiganda, efni sem Vegagerðin ýtti upp fyrir 10 árum síðan og hefur staðið óhreyft frá þeim tíma

Nefndin heimilar að farin verði leið 2. Sú leið hefur minnsta raskið í för með sér. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerðina, fundi slitið kl. 18.30
